

## L Ö G

## um garðyrkjuskóla ríkisins.

- Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Lácnborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

## 2. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti og gróðrarskála og aðrar byggingar, og ennfremur búfé og búshöld, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu.

## 3. gr.

Garðyrkjuskólinn skal rekinn sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins og ber sjálfur kostnað við skólahaldið, eftir því sem tekjur hans hrökkva, enda njóti hann alls þess arðs, er garðyrkjan og annar rekstur skólabúsins gefur af sér. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki fjármálaráðherra.

## 4. gr.

Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.

## 5. gr.

Í garðyrkjuskólanum skal fram fara bæði verkleg og bókleg kennsla. Verklegu kennslunni skal fyrir komið á tvennan hátt:

- a) með námskeiðum að vorinu og sumrinu 3—4 mánaða tíma, þar sem fram fari tilsögn í ræktun allra algengra garðávaxta,
- b) með tveggja til þriggja ára verknámi fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðyrkju. Kennsla þessi skal fram fara bæði á köldu landi og heitu. Bók-námið má standa yfir allt að einu ári, og skal það fara fram aðallega að vetrinum. Aðgang að því eiga þeir, sem stundað hafa 2—3 ára verknám á þeim garðyrkjubúum, sem landbúnaðarráðherra löggildir til að hafa verklega garðyrkjukennslu með höndum. Auk garðyrkjunámskeiðanna má einnig hafa matreiðslunámskeið í skólanum, einkum að því er snertir notkun garðjurta.

## 6. gr.

Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður, og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

91

23. júní

## 7. gr.

Forstöðumaður hefir aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Hann hefir og á hendi allt reikningshald skólans.

## 8. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis húsnæði og kennslu, en um greiðslu fyrir fæði fer eftir ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð.

## 9. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna nefnd, er hann skipar til þess. Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greidd af skólanum. Landbúnaðarráðherra gefur og út reglugerð um starfsemi skólans, og skal þar nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o. fl.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*